

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

4. tbl. 2009 – September

Bati í ávöxtun sjóðsins

Árshlutareikningur Lífeyrissjóðs verkfræðinga fyrir tímabilið janúar-júní 2009 liggur nú fyrir. Raunávöxtun var sem hér segir:

Samtryggingardeild	+1,3%
Séreignarleið 1	-1,2%
Séreignarleið 2	+11,5%.

Framan af ári var ávöxtun allra leiða neikvæð vegna lækkunar erlendra verðbréfa og falls nokkurra innlendra fyrirtækja, þ.á m. SPRON, Straums og Baugs. Botninum var náð á erlendum mörkuðum snemma í mars og síðan hafa erlend hlutabréf hækkað í verði, auk þess sem veiking krónu hefur leitt til frekari hækkunar eignanna í bókum sjóðsins. Innlendar eignir hafa hækkað mun minna í verði og þar hefur þurft að bæta við varúðarafskriftir vegna bágrar stöðu fyrirtækja. Í samtryggingardeild nam aukningin um 600 mkr.

Síðustu mánuði hefur verið jákvæð þróun í ávöxtun og í átta mánaða uppgjöri var raunávöxtun samtryggingardeildar komin í +2,9%, séreignar 1 í -0,5% og séreignar 2 í +16,1%.

Námskeið um töku lífeyris

Lífeyrissjóður verkfræðinga heldur námskeið um töku lífeyris fimmtudaginn 29. október nk. kl. 17:15 í fundarsal Verkfræðingafélagsins að Engjateigi 9 í kjallara. Til námskeiðsins verður boðið öllum sjóðfélögum 60 ára og eldri sem ekki eru farnir að taka lífeyri, en yngri sjóðfélagar eru einnig velkomnir. Fjallað verður um reglur sjóðsins um ellilífeyri, samspil við reglur Tryggingastofnunar, áhrif frestunar eða snemmtöku á lífeyri og skattlagningu lífeyris.

Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda sem borist hafa á árinu 2009. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Ef villur eru í yfirlitum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætta á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Skila má athugasemdum með tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða í síma 575 1000.

Viðbótarlán til sjóðfélaga

Á fundi 15. sept. sl. samþykkti stjórn sjóðsins breytingar á lánareglum sjóðsins þar sem veigamesta atriðið er að boðin verða viðbótarlán til sjóðfélaga sem áður hafa fengið lán frá sjóðnum. Helstu ákvæði regnanna um viðbótarlánin eru:

Hámarksfjárhæð: 10 milljónir kr.

Lánstími: 5-10 ár.

Vextir: Fastir vextir frá lántökudegi 0,5% yfir vöxtum Íbúðalánasjóðs á lánnum án uppgreiðslugjalds á hverjum tíma, þó að lágmarki 5%, nú 5,6% (5,1% + 0,5%).

Lántökugjald: 1%.

Gjalddagar: 4, 6 eða 12 á ári.

Að öðru leyti gilda sömu skilmálar um þessi lán og hefðbundin sjóðfélagalán.

Aðalútibú Kaupþings að Laugavegi 120 í Reykjavík sér um afgreiðslu lánanna og veitir nánari upplýsingar. Lánareglur sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.lifsverk.is

Ný símanúmer

Lífeyrissjóðurinn hefur fengið ný símanúmer fyrir skrifstofuna og beinar línur til starfsmanna. Aðalnúmer sjóðsins er **575-1000** og fax-númer er **575-1001**. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.

Efling eignastýringar

Lýður H. Gunnarsson hóf störf við eignastýringu sjóðsins 1. september. Hann er 29 ára að aldri, viðskiptafræðingur að mennt og lýkur á næstunni meistaraþráðu í fjárfestingastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur starfað á fjármála-markaði frá árinu 2002.

Nýjar samþykktir gilda frá 1. sept.

Fjármálaráðuneytið staðfesti þann 10. ágúst sl. nýjar samþykktir Lífeyrissjóðs verkfræðinga þar sem teknar eru inn breytingar sem ákveðnar voru á aðalfundi 5. maí sl. Samþykktirnar tóku gildi 1. september 2009.

Þann dag lækkuðu áunnin lífeyrisréttindi um 10% og þar með lækkaði lífeyrir um 10% fyrir skatt. Stuðlar í réttindatöflum lækka um 5% frá 1. júní 2009.

Sjóðfélagar geta skoðað réttindi sín á sjóðfélagavefnum á www.lifsverk.is.